

From: Anna María Guðmundsdóttir <annamg@gardabaer.is>
Sent: mánudagur, 29. ágúst 2022 14:28
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Subject: Óskað eftir umsögn fyrir Garðabæ

Góðan daginn

Óskað er eftir umsögn vegna neðangreinds máls fyrir Garðabæ. Vinsamlegast skilið inn umsögnum vegna lýsingarinnar á netfangið skipulag@gardabaer.is eða í Þjónustuver fyrir 26. september 2022.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/skipulags-og-matslysing-fyrir-vetrarmyri-og-smalaholt-ithrotta-og-utivistarsvaedi>

Skipulags- og matslýsing fyrir Vetrarmýri og Smalaholt, íþrótt- og útivistarsvæði.

Að tillögu skipulagsnefndar samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar á fundi sínum þann 18. ágúst 2022 að auglýsa skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir Vetrarmýri og Smalaholt, íþrótt- og útivistarsvæði, í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær yfir golfvöll Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG) í Vetrarmýri og útivistarskóg Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti. Deiliskipulagið tekur líka til breyttrar og framlengdrar legu Vífilsstaðavegar að Kjóavöllum. Skipulagssvæðið er um 130 ha.

Breyting var gerð á aðalskipulagi Garðabæjar með gerð Rammahluta Vífilsstaðalands, sem samþykkt var 17.03.2021. Í þeirri breytingu var afmörkun golfvallar GKG og skógræktarsvæði Skógræktarfélags Garðabæjar breytt vegna tilkomu íþróttamiðstöðvarinnar Miðgarðs og æfingavöllum fyrir fótbolta tengt því. Í sömu breytingu var einnig veglínu Vífilsstaðavegar/Elliðavatnsvegar breytt, sem hefur m.a. áhrif á stíga.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að samþætta golf- og skógræktarsvæðin með áherslu á ofanvatnslausnir, íþróttaiðkun og útivist auk breyttrar veglínu hluta Vífilsstaðavegar að Kjóavöllum. Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða þar sem deiliskipulagið mun fela í sér framkvæmd (golfvöll) sem háð er mati á umhverfisáhrifum.

Með kveðju
Anna María Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri tæknideildar Garðabæjar
525-8505
annamg@gardabaer.is